

## Breytingartillögur

við frv. til innheimtulaga.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:  
Lög þessi gilda um frum- og milliinnheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Þau gilda þó ekki um innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum og löginheimtu.  
Með fruminnheimtu er átt við innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. Með milliinnheimtu er átt við innheimtuaðgerðir sem hefjast eftir að skuldari hefur fengið innheimtuviðvörðun skv. 7. gr. og áður en löginheimta hefst. Með löginheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga. Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.
2. Við 4. gr.
  - a. B-liður 1. mgr. orðist svo: hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis, sbr. 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis.
  - b. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Lögaðilinn skal fullnægja skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.
3. Við 6. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Það telst m.a. brjóta í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi eða valda óþarfa tjóni eða óþægindum.
4. Við 7. gr. D-liður 2. mgr. falli brott.
5. Við 8. gr.
  - a. Á eftir orðunum „samningur við innheimtuaðila um greiðslu“ í 1. másl. komi: m.a. eftirgjöf að nokkru eða öllu leyti.
  - b. Við 2. másl. bætist: óski skuldari þess.
6. Við 11. gr. Greinin orðist svo:  
Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörðunar, sbr. 12. gr. Ef greiðsluseðill og innheimtuviðvörðun hafa í slíku tilviki verið sameinuð skv. 3. mgr. 7. gr. verður hann þó eigi krafinn um kostnað vegna viðvörðunarinnar. Ef brotið hefur verið gegn 7. gr., þannig að innheimtuviðvörðunin þjóni ekki tilgangi sínum, verður skuldari aðeins krafinn um kostnað vegna viðvörðunarinnar.
7. Við 12. gr. Orðin „að höfðu samráði við helstu hagsmunaaðila“ í 1. másl. falli brott.
8. Í stað 15.–17. gr. komi sex nýjar greinar sem orðist svo ásamt fyrirsögnum:
  - a. (15. gr.)

### *Leyfisveiting og eftirlitsaðilar.*

Fjármálaeftirlitið fer með leyfisveitingu samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 4. og 5. gr., og annast almennt eftirlit með framkvæmd þeirra.

Gagnvart lögmonnum fer úrskurðarnefnd lögmanna með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmenn.

Eftirlitsaðilar skv. 1. og 2. mgr. skulu samræma verklagsreglur sínar um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

b. (16. gr.)

*Eftirlit.*

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi þeirra aðila sem það hefur veitt innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., svo og þeirra aðila sem taldir eru upp í 2. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., að lögmonnum undanskildum. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gilda lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist sérhverra gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðila eða þriðja aðila að viðlögðum dagsektum.

Sé leyfisskyld starfsemi stunduð án þess að leyfi hafi verið veitt getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að slíkri starfsemi verði hætt. Jafnframt er heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Þeir aðilar sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með skulu taka þátt í greiðslu rekstrarkostnaðar þess með greiðslu eftirlitsgjalds í samræmi við ákvæði laga þar um.

c. (17. gr.)

*Svipting innheimtuleyfis.*

Fjármálaeftirlitið getur svipt leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr., sbr. 1. mgr. 3. gr. og 5. gr., ef:

- a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum; eða
- b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

d. (18. gr.)

*Stjórnvaldssektir.*

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem það hefur eftirlit með og brýtur gegn:

- a. 3. gr. um skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra;
- b. 7. gr. um innheimtuviðvörðun;
- c. 3. mgr. 16. gr. telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis;
- d. sátt milli Fjármálaeftirlitsins og aðila, sbr. 19. gr.;
- e. reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr. um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10.000 til 20.000.000 kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50.000 til 50.000.000 kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. taka tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila eða hvort um ítrekað brot er að ræða. Ákvarðanir um stjórnvaldssektir skulu teknar af stjórn Fjármálaeftirlitsins og eru þær aðfararhæfar. Sektirnar renna í rikissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Séu stjórnvaldssektir eigi greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektanna. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssektar eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema unnt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk. Frestur rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á ætluðu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

e. (19. gr.)

*Sættir.*

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

f. (20. gr.)

*Sektir eða fangelsi.*

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta, eða eiga hlutdeild í því að brjóta, af ásetningi gegn ákvæðum 13. gr. um þagnarskyldu.

Þá varðar það sömu refsingu að gefa, eða eiga hlutdeild í því að gefa, af ásetningi vísitandi rangar eða villandi upplýsingar um hagi fjármálafyrirtækis, er fellur undir lög þessi, eða annað er það varðar, opinberlega eða til Fjármálaeftirlitsins, annarra opinberra aðila eða viðsemjenda sinna.

Um mál út af broti samkvæmt þessari grein skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála.

9. Við 18. gr. er verður 21. gr. Við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið getur sett reglur um framkvæmd eftirlits.

10. Við 19. gr. er verður 22. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. Þann dag fellur úr gildi 3. mgr. 24. gr. laga um lögmenn, nr. 77/1998, um leiðbeiningar um innheimtu peningakrafna áður en innheimta á grundvelli réttarfarslaga hefst.